



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 21. júní 2016

Ákvörðun nr. 17/2016

## **Kaup Icelandic Tank Storage ehf. á Birgðastöðinni Miðsandi ehf. og olúbirgðastöðinni að Litla-Sandi**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 17. maí 2016 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um kaup Icelandic Tank Storage ehf. (hér eftir ITS) annars vegar á öllum hlutum í Birgðastöðinni Miðsandi ehf. (hér eftir BM,) sem á olúbirgðastöð í Hvalfirði, og hins vegar á olúbirgðastöðinni að Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit (hér eftir LS). Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga laga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og reglur nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum, sbr. einnig viðauka II með þeim. Í samrunaskrá er rakin sú afstaða samrunaaðila að samruninn falli undir b-lið 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig b-lið 1. mgr. 7. gr. áðurnefndra reglna nr. 684/2008, þ.e. að markaðshlutdeild samrunaaðila sé undir 20% á skilgreindum markaði málsins.

Með bréfi dags. 7. júní 2016 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga hafi því byrjað að líða frá og með 18. maí 2016.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna og upplýsinga frá ýmsum aðilum sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum og gefið viðkomandi aðilum færi á að koma að sjónarmiðum um samkeppnisleg áhrif samrunans. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar og sjónarmið skipta máli fyrir athugun þessa máls verður þeirra getið.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi 17. og 17. gr. a samkeppnislaga.

Samruninn felur í sér annars vegar kaup ITS á öllum hlutum í BM af Atlantic Tank Storage hf. (hér eftir ATS) og hins vegar kaup á olúbirgðastöðinni LS af Olíudreifingu ehf.



(hér eftir ODR). Með samrunanum flyst eignarhald stöðvanna yfir til ITS og fyrirtækið öðlast þannig yfirráð yfir BM og LS til frambúðar. ITS er í sameiginlegri eigu ATS (50%) og ODR (50%). Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur samruninn því einnig í för með sér að ODR og ATS öðlast, í gegnum eignarhald sitt á ITS, sameiginleg yfirráð yfir birgðastöðvunum BM og LS, sem fyrir samrunann voru ekki í sameiginlegri eigu fyrirtækjanna.

Í samrunaskrá kemur fram að ITS starfræki olíubirgðastöðvar í Helguvík og á Keflavíkurflugvelli, auk þess að leigja umræddar olíubirgðastöðvar BM og LS í Hvalfirði af núverandi eigendum þeirra, Olíudreifingu (hér eftir ODR) og Atlantic Tank Storage hf. (hér eftir ATS), og framleigja áfram til viðskiptavina sinna. Velta ITS árið 2015 var [...] milljónir króna, velta BM [...] milljónir króna og velta LS [...] milljónir króna. ITS er líkt og áður segir í eigu ATS (50%) og ODR (50%). Velta ODR árið 2015 var [...] milljónir króna og velta ATS [...] milljónir USD.<sup>1</sup> ITS á engar hlutafjáreignir samkvæmt samrunaskrá.

Í samrunaskrá kemur fram að BM sé félag sem á olíubirgðastöð í Hvalfirði og er félagið í 100% eigu ATS. ATS er í eigu Scandinavian Tank Storages AS [...] og Galvacon ehf. [...]. Líkt og að framan er rakið á ATS einnig 50% eignarhlut í ITS. Þá á ATS 50% eignarhlut í Norwegian Tank Storage AS á móti Norsk Spesialolje AS. Velta Scandinavian Tank Storages AS árið 2015 samsvaraði [...] milljónum króna.<sup>2</sup>

LS er olíubirgðastöð sem stendur við hlið olíubirgðastöðvar BM í Hvalfirði. LS er í eigu ODR og hefur verið rekin sem veltuberandi rekstrareining hjá félaginu. Núverandi eigendur ODR eru N1 með 60% eignarhlut og Olíuverzlun Íslands hf. með 40% eignarhlut.

Samkvæmt samrunaskrá er tilgangur viðskiptanna að einfalda rekstur birgðastöðvanna í Hvalfirði. Gert er ráð fyrir að með samrunanum verði sú breyting ein gerð á núverandi fyrirkomulagi á rekstri stöðvanna að í stað þess að ITS leigi birgðastöðvarnar af núverandi eigendum þeirra og framleigi áfram til viðskiptavina sinna muni ITS verða eigandi stöðvanna. ATS mun áfram hafa frumkvæði að markaðssetningu og sinna vinnu varðandi útleigu tankanna og ODR mun áfram annast daglegan resktur á grundvelli fyrirliggjandi starfsleyfa, með sama hætti og nógildandi samningar gera ráð fyrir.

Samrunaaðilar telja að vöru- og þjónustumarkaðurinn sem samruninn hafi áhrif á sé markaður fyrir leigu á plássí til geymslu á ótollafgreiddu eldsneyti fyrir erlenda aðila. Starfsemin sé í meginatriðum sú að erlendir viðskiptavinir (olíumiðlarar) leigi pláss til að geyma olíu í tönkunum til afhendingar í framtíðinni. Báðar stöðvarnar hafa samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá heimild til geymslu ótollafgreidds eldsneytis á grundvelli leyfis sem umflutningsgeymslur. Olíu sem þar sé geymd í lengri eða skemmri tíma sé því ekki hægt að tollafgreiða beint úr geymslunni og inn á innlandan markað.

Samrunaaðilar telja olíubirgðastöðvarnar í Hvalfirði ekki geta verið hluta af markaði fyrir olíuvörur sem notaðar eru innanlands. Samrunaaðilar vísa meðal annars til þess að það

---

<sup>1</sup> Velta ATS miðast við rekstrarárið 1. maí 2014 til 30. apríl 2015.

<sup>2</sup> Velta Scandinavian Tank Storages AS miðast við rekstrarárið 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 og kaupgengi sænskrar krónu í lok árs 2015.



yrði verulega kostnaðarsamt að koma upp aðstöðu og breyta stöðvunum á þann veg að hægt yrði að nota þær til geymslu fyrir eldsneyti á innanlandsmarkaði. Þá geri sá viðbótarkostnaður, sem myndi leggjast á hvern seldan lítra, vegna fjarlægðar stöðvanna frá Reykjavík og/eða Keflavík, það að verkum að þær geti ekki talist samkeppnishæfar á innanlandsmarkaði. Enn fremur sé það rými sem hægt er að halda aðskildu á milli tegunda stórt miðað við heildarmarkað hvernar tegundar af eldsneyti hér á landi og leggja þyrfti út í verulegan kostnað til að geta geymt aðskildar tegundir í hverjum tanki til að sinna innanlandsmarkaði. Auk þess hafi engin eftirspurn verið frá innlendum aðilum um leigu á birgðastöðvunum.

Samrunaaðilar telja landfræðilega markaðinn mjög stóran og að hann nái að öllum líkindum til Norður-Ameríku og Norður-Evrópu. Viðskiptavinir olíubirgðastöðvanna séu einungis alþjóðleg fyrirtæki sem stundi viðskipti með olíu á alþjóðlegum mörkuðum. Þessir aðilar geti flutt olíu langar leiðir með hlutfallslega litlum kostnaði ef ódýrt og hentugt leigupláss býðst. Þannig skipti lega Íslands ekki höfuðmáli í því sambandi. Telja samrunaaðilar að verðbreytingar hafi mikil áhrif á val viðskiptavina á birgðarými, en einnig hafi það áhrif hvers kyns þjónustu og birgðarými er verið að bjóða, ásamt fjölda stöðva á svæðinu. Samrunaaðilar séu a.m.k. í samkeppni við birgðastöðvar í Norður-Evrópu og í austurhluta Norður-Ameríku, en vegna eðlis olíumarkaðarins geti mögulegir viðskiptavinir samrunaaðila raunar valið geymslurými á mun stærra svæði. Enn fremur vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2013, *Samruni Atlantic Tank Storage ehf., Skeljungs hf. og Birgðastöðvarinnar Miðsandi ehf.*, til stuðnings þeirri niðurstöðu að landfræðilegi markaður málsins skuli skilgreindur stærri en Íslands, en ákvörðunin varði aðra þeirra birgðastöðva sem mál þetta varðar.

Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til landfræðilegrar stærðar markaðarins sé ljóst að markaðshlutdeild samrunaaðila sé lítil, bæði fyrir og eftir samrunann. Í samrunaskrá er áætlað að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila og tengdra aðila sé í kringum 10%, m.t.t. upplýsinga sem liggja fyrir um birgðarými á Norðurlöndum, en fram kemur í samrunaskrá að ekki liggi fyrir upplýsingar um birgðarými fyrir markaðinn í heild sinni og erfitt sé að meta markaðshlutdeild á svo stórum landfræðilegum markaði.

Samrunaaðilar telja jafnframt að samruninn feli ekki í sér samkeppnislega röskun enda sé markaðshlutdeild samrunaaðila lítil fyrir og eftir samrunann og keppninautar mjög öflugir. Þá sé kaupendastyrkur verulegur á þeim markaði sem um ræði.

### III.

#### Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Líkt og að framan er rakið telja samrunaaðilar að eini vöru- og þjónustumarkaðurinn sem samruninn hafi áhrif á sé markaður fyrir leigu á plássi til geymslu á ótollafgreiddu eldsneyti fyrir erlenda aðila og að landfræðilegur markaður málsins sé stærri en Ísland. Þá telja samrunaaðilar raunar að olíubirgðastöðvarnar í Hvalfirði geti ekki verið hluti af



markaði fyrir olíuvörur sem notaðar eru innanlands vegna tiltekinna tæknilegra- og viðskiptalegra ástæðna.

Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum og umsögnum frá aðilum á innlendum eldsneytismarkaði, þ. á m. sjónarmiðum þeirra um markaðsskilgreiningar samrunaaðila og möguleg áhrif samrunans á samkeppni á innlendum eldsneytismarkaði. Enginn þeirra aðila sem svör bárust frá töldu birgðastöðvarnar í Hvalfirði hluta af innlendum eldsneytismarkaði né töldu viðkomandi aðilar ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við samrunann.

Með vísan til alls framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til að víkja frá markaðsskilgreiningu samrunaaðila í þessu máli, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2013, *Samruni Atlantic Tank Storage ehf., Skeljungs hf. og Birgðastöðvarinnar Miðsandi ehf.* Hins vegar áréttar Samkeppniseftirlitið þann fyrirvara sem rakinn er í tilvísaðri ákvörðun nr. 19/2013, um að ekki sé útilokað að birgðastöðvarnar geti talist hluti af birgðahaldi á innlendum eldsneytismarkaði.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni þessi komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga á skilgreindum markaði þessa máls. Er þá einkum litið til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila er slík að samruninn hindrar ekki virka samkeppni á hinum skilgreinda markaði. Samkeppniseftirlitið telur því ekki forsendur til að grípa til íhlutunar vegna samrunans.

Í ljósi umfjöllunar í 5. kafla samrunaskrárinnar, um starfsemi ODR og skilyrði ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 23/1995, þá telur Samkeppniseftirlitið rétt að taka fram að Samkeppniseftirlitið hefur, eins og samrunaaðilum er kunnugt um, haft til meðferðar markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði þar sem eftirlitið er að rannsaka hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem mögulega komi í veg fyrir, takmarki eða kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, sbr. c-lið 1. og 2. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.<sup>3</sup> Það athugast að ákvörðun þessi hefur engin áhrif á umrædda markaðsrannsókn né möguleika Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða á grundvelli framangreindrar heimildar 16. gr. samkeppnislaga, verði niðurstaða rannsóknarinnar sú að slíkt sé nauðsynlegt til að að sporna gegn aðstæðum eða háttsemi sem komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð

---

<sup>3</sup> Samkeppniseftirlitið birti frummatsskýrslu sína vegna markaðsrannsóknarinnar þann 30. nóvember sl. og er þar meðal annars rakin sú frumniðurstaða eftirlitsins að nauðsynlegt sé að endurskoða samstarf N1 og Olís um rekstur ODR á birgða- og dreifingarstigi og þær forsendur sem lágu að baki ákvörðun nr. 23/1995, meðal annars í samhengi við aðrar niðurstöður í samkeppnismatinu, s.s. varðandi skaðleg áhrif lóðréttrar samþættingar og aðgangshindrana á markaðinn. Hefur hagsmunaaðilum verið gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum um efni skýrslunnar og hyggst Samkeppniseftirlitið í ágúst nk. efna til fundar, þar sem fjallað verður nánar um skýrsluna og þau sjónarmið sem bárust, sbr. 8. gr. reglur nr. 490/2013 um markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins. Í framhaldinu mun Samkeppniseftirlitið meta hvort ástæða sé til að endurskoða niðurstöður frummatsskýrslunnar, og þá hvernig, og taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til aðgerða á grundvelli framangreindrar heimildar 16. gr. samkeppnislaga.



**„Kaup Icelandic Tank Storage ehf. á Birgðastöðinni Miðsandi ehf. og olíubirgðastöðinni Litla-Sandi fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson